

GUÐRÚN VALA ELÍSDÓTTIR

UM LANDNEMASKÓLANN



Guðrún Vala Elísdóttir

Landnemaskólinn er 120 stunda nám fyrir innflytjendur þar sem numin er íslenska, samfélagsfræði, færnimappa, sjálfsstyrking og tölvunotkun; alls 120 kennslustundir. Í náminu er lögð áhersla á íslenskt talmál og nytsama þekkingu á íslensku samfélagi og atvinnulífi. Það er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði sem ekki á íslensku að móðurmáli. Námið fer að miklu leyti fram með umræðum og verkefnavinnu þar sem námsmenn afla sér upplýsinga, svo sem á Netinu, í fjölmiðlum og hjá stofnunum. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta námið til allt að 10 eininga til styttingar náms í framhaldsskóla.

Landnemaskólinn var haldinn í fyrsta sinn á Vesturlandi á vorönn 2006. Námið fór fram í Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði frá febrúar og fram í maí. Ellefu konur stunduðu nám við Landnemaskólann: ein frá Zansibar, ein frá Lettlandi, tvær frá Rússlandi og sjö frá Póllandi. Verkefnið var styrkt af Landsmennt og sveitarfélögum þátttakenda: Grundarfjarðarbæ og Stykkishólmsbæ, vinnuveitendum þátttakenda: Fisk – Seafood, Guðmundi Runólfssyni hf., Grunnskóla Stykkishólms og Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Kennst var á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 18:00 til 22:00 með matar- og kaffihléum. Ein kennslugrein var kennd hvert kvöld og því var áhersla lögð á að nota fjölbreyttar kennsluáferðir.



Landnemaskólinn, kennslustund



Landnemaskólinn

Ég var svo heppin að kenna íslensku í skólanum og er það með skemmtilegustu verkefnum sem ég hef tekið að mér um dagana. Þó að nemendur væru með ólíkan bakgrunn og reynslu og hefðu vissulega mismunandi kunnáttu í íslensku myndaðist einstök samheldni og vinnusemi í hópnum. Konurnar voru ákaflega jákvæðar og duglegar og töldu ekki eftir sér að mæta í skólann eftir langan vinnudag. Þær voru til í að prófa mismunandi aðferðir og nálganir í íslenskunáminu, s.s. taka þátt í leikjum, hópvinnu, halda ræður og kynningar innan hópsins. Konurnar lásu draugasögu, íslenska þjóðsögu, unnu úr fréttatengdu efni, lærðu að skilja veðurspá og upplýsingar um færð, horfðu á íslenska kvikmynd og unnu verkefni við hana, þær kynntu heimaslóðir sínar hver fyrir annarri auk þess að skipuleggja ferð um Ísland og studdust þá við upplýsingar úr ferðapjónustunni. Mér fannst sjálfri einstaklega gaman að kenna þeim enda vantaði hvorki áhugann eða viljann í þessa nemendur. Í ljós kom að í hópnum voru tveir líffræðingar, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, kokkur, hárgreiðslumeistari, tónlistarkennari og aðrar höfðu lokið starfstengdu styttra námi. Því miður á mannaúdurinn, sem í býr í erlendu vinnuafli, ekki greiða leið inn í íslenskt samfélag en ég tel að Landnemaskólinn sé mikilvæg brú til þess að auðvelda þá leið.

Magda Kulinska var ein af nemendum Landnemaskólans. Hún býr í Stykkishólmi en er frá Kraká í Póllandi. Magda hefur búið hérlandis í 11 ár en hafði aldrei áður farið á íslenskunámskeið. Hún segir að aðaltilgangurinn með því að fara í skólann hafi verið til þess að læra íslensku og þá aðallega málfræði. Hún segir enn fremur að hún myndi fara aftur í Landnemaskóla ef hún ætti þess kost og mælir



hiklaust með honum við aðra. Þó fannst Mögdu að auka mætti við íslenskutímana á kostnað samfélagsfræðinnar en fannst námið gott og skemmtilegt og vel til þess fallið að efla erlenda íbúa og gera þá hæfari til að búa á Íslandi. Aðrar umsagnir nemenda voru á þá leið að í hópnum hefði verið góður andi, námsefni vel sett fram og kennsla fagleg en sumum fannst að kenna hefði átt meiri málfræði.

Í lok Landnemaskólans fór fram útskrift við hátíðlega athöfn en daginn eftir fórum við Birna Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri skólans, ásamt nemendahópnum í menningarferð til Reykjavíkur. Við heimsóttum Alþingishúsið, Listasafn Reykjavíkur og Alþjóðahúsið, skoðuðum miðbæinn auk þess að fara á kaffihús og líta í minjagripa-

verslanir. Ferðin var ánægjulegur endir á skólanum. Þegar þessi orð eru skrifuð höfum við sett Landnemaskólann af stað í Ólafsvík og stefnum á að halda hann í þriðja sinn á Vesturlandi á vorönn 2007.

UM HÖFUNDINN

Guðrún Vala Elísdóttir starfar sem náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Hún er menntaður mannfæðingur, kennari, hefur lokið diplómagráðum í stjórnun og sérkennslu og stundar núna nám í náms- og starfsráðgjöf við HÍ.

BIRNA GUNNLAUGSDÓTTIR

MÉR GENGUR BEST AÐ SKILJA ÞEGAR ÉG TENGI VIÐ ÞAÐ SEM ÉG ÞEKKI NÁMSKONUR Á FÉLAGSLIÐABRÚ RÆÐA UM NÁMIÐ

Þær Dora, Karla og Zenaida vöktu strax athygli við upphaf náms hjá Mími – símenntun fyrir áhuga og dugnað. Þær eru innflytjendur á Íslandi og eru því að læra á erlendu tungumáli. Konurnar starfa við aðhlyningu aldraðra. Þær ólust allar upp í litlum borgum í heimalöndum sínum, Zenaida á Filippseyjum, Dora í Taílandi og Karla í Hondúras.

Undirritaðri lék forvitni á að vita hvað varð til þess að þær hófu nám á félagslíðabru. Nám á félagslíðabru er einingánám á framhaldsskólastigi og er starfsreynsla metin sem hluti af náminu. Ekki síður er áhugavert að fá að heyra hvernig þær bera sig að við námið. Að loknu námskvöldi setjumst við í hornsófann í fræðslumiðstöðinni í Skeifunni 8 og kveikjum á kertum. „Einmitt svona slaka ég á heima,“ verður Zenaidu að orði.

Hvatinn að því að setjast á skólabeck segir Zenaida fyrst og fremst vera að auka persónulega hæfni sína og sjálfstraust en einnig að eiga betri möguleika á vinnumarkaði. Hinar taka undir þetta. Þær sáu líka, þegar námið var hafið, hversu gott íslenskunám það er og síðast en ekki sist finnst þeim

það nýtast sér vel í starfi. Heilbrigðisfræðin varpar nýju ljósi á aðhlyningu aldraðra. Það gera samskiptin líka sem tekin eru fyrir í faginu félagsleg virkni. „Menningarmunur, sem fjallað er um í félagsfræðinni, er ekki síður athyglisvert umræðuefni,“ bætir Dora við.

Það er mislangt síðan konurnar voru í skóla síðast, eða sjö til þrjátíu og fimm ár. Síðan þá hafa þær þó sótt námskeið á vegum Eflingar – stéttarfélags og Mímis. „Það er frábært að komast í nám sem ýmist stéttafélagið eða ríkið greiðir fyrir,“ segir Karla, „Það er svo miklu auðveldara að komast í nám á Íslandi en víða annars staðar. Það virðist líka vera



Birna Gunnlaugsdóttir